



200. fundur Skólanefndar FS 17. nóvember 1995

Haldinn í Skíðaskálanum, Hveradölum að lokinni heimsókn í Fjölbrautaskóla Suðurlands á Selfossi og fundi með heimamönnum.

Mættir: Kristbjörn Albertsson, Guðbjörg Ingimundardóttir, Ingimundur Guðnason, Ingvar Guðmundsson, Einar Trausti Óskarsson, Ólafur Sigurðsson, Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari, Oddný Harðardóttir aðstoðarskólameistari og Jón Sæmundsson fjármálastjóri.

Formaður bauð fundarmenn velkomna á þennan hátíðarfund og setti fundinn. Síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Tilraunaverkefni á sviði starfsmenntunar.
Umsókn til menntamálaráðherra.
 2. Fjárhagsleg staða skólans.
 3. Ferð skólastjórnenda til Sviss
 4. Tillaga menntamálaráðuneytis um verkaskiptingu milli skóla á framhaldsskólastigi.
 5. Önnur mál.

1. Tilraunaverkefni á sviði starfsmenntunar.

Umsókn til menntamálaráðherra..

Ólafur Jón sagði frá hugmyndum um skipulag fullorðinsfræðslu. Samþykkt að stefna að tilraunum á sviði starfsmenntunar haustið 1996.

2. Fjárhagsleg staða skólans.

Jón Sæmundsson fjármálastjóri skýrði frá stöðu fjármála skólans sem hann taldi viðunandi. Samþykkt að hækka efnisgjöld í 7000 kr. á önn.

3. Ferð skólastjórnenda til Sviss.

Ólafur Jón og Oddný sögðu frá ferð sinni til Sviss til að kynna sér skóla og menntakerfi og svöruðu spurningum nefndarmanna.

4. Tillaga menntamálaráðuneytis um verkaskiptingu milli skóla á framhaldsskólastigi.

Rætt um tillögur menntamálaráðuneytis um verkaskiptingu framhaldsskóla. Ákveðið að halda aukafund um þetta mál miðvikudaginn 29. nóvember kl. 20:00.

5. Önnur mál.

Önnur mál voru engin.

Fleira ekki gert og fundi slitið.



Guðmann Kristþórsson,
fundarritari